

Dalabyggð
Bogi Kristinsson
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
26 APR. 2010 <i>10.4.2</i>
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. apríl 2010
Tilvísun: UST20100200066/ksj

Reykhólahreppur, tillaga að breytingu á aðalskipulagi í Bjarkarlundi og á Flatey.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dala-, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna nýs íbúðarsvæðis í Bjarkarlundi og vegna smábátahafnar við Innstapoll við Hólsbúðarveg í Flatey á Breiðafirði.

Reykhólahreppur

Í breytingunni felst að svæði nr. F2 Bjarkarlundur í Berufirði sem er svæði fyrir frístundabyggð, er minnkað og lóðum er fækkað úr 9 í 6. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er auglýst breyting á deiliskipulagi fyrir Bjarkarlund. Í tillögunni felst einnig að gert er ráð fyrir 3 lóðum fyrir íbúðir á hektarasvæðinu austan við frístundabyggðina.

Birkiskógur/kjarr

Í umhverfisskýrslu kemur fram að landið, þar sem ráðgerð er frístundabyggð og svæði fyrir íbúðir, sé vaxið lágvöxnu kjarri og að reynt verði að fella húsin inn í landið. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að upprunalegur birkiskógur verði ekki ruddur og að hann fái að halda sér. Að mati stofnunarinnar ætti að leitast við að byggja frístundahús utan birkiskóga eða í jaðri þeirra.

Birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru

m.a. votlendi og birkiskógar.”

Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig stefna að því að hafnar verði markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skilyrði og takmarkanir verði settar í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps sem munu nægja til að vernda upprunalegan birkiskóg á framkvæmdasvæðinu. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að svæði fyrir frístundabyggð verði breytt í svæði fyrir íbúðir.


Flatey


Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir nýju hafnarsvæði H3, sem er ætlað sem skjólhöfn fyrir smábáta við Innstapoll á Flatey. Smábátalægið er 25x30 m að stærð svo kemur innsiglingarrenna u.þ.b. 12x40 m. Áætlað er að gera tvo grjótgarða um 40 metra langa. Notað verður efni úr dýpkuninni í garðana, og er það áætlað 400 m³.

Fram kemur í breytingartillögunni að fjórir kostir hafi verið skoðaðir og að með smábátahöfn við Innstapoll sé valinn sá kostur sem feli í sér efnisminnstu skjólgarðana, og að sú framkvæmd þurfi minna af jarðefni til framkvæmdanna en aðrir kostir.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við val á kosti en bendir á hve mikilvægt er að vel sé að verki staðið þegar framkvæmt er á svo viðkvæmu svæði. Mikilvægt er að þar sem um er að ræða vikvæmt land að verklýsingar séu vandaðar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun og Landmótun

